

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2009

Inngangur

Á haustönn 2009, upphafsönn skólstarfs í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, var megináherslan á að byggja upp skólstarfið og koma í framkvæmd þeim hugmyndum og áætlunum sem sem unnar höfðu verið á mánuðunum á undan. Uppbyggingarstarfið skiptist í tvo meginhluta, þróun kennsluhátta annars vegar og innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla hins vegar. Áherslupunkturarnir í þróun kennsluhátta snúast um verkefnaþætti kennsluaðferðir og leiðsagnarmat sem fléttast saman við kennsluaðferðirnar. Þróunarvinnan sem tengist innleiðingu nýrra laga fólst einkum í uppbyggingu námsbrauta og áfangalýsinga. Rúmlega 80 nemendur hófu nám í skólanum og starfsmenn voru 16 í tæplega 11 stöðugildum.

Nemendur

Meirihluti nemenda á haustönninni er búsettur í Mosfellsbæ eða Kjalarnesi, eða rúm 52% og um 70% nemenda er yngri en 18 ára. Kynjahlutfall er nokkurn veginn í jafnvægi, en þó voru strákar svolítið fleiri, eða um 54%. (sjá nánar: Ársskýrsla-Fylgiskjal 1).

Nokkuð stór hópur nemenda hafði brotinn námsferil að baki þegar þeir innrituðust í FMOS og eru ástæður fyrir því mjög margvíslegar, en flestar þó tengdar námsörðugleikum af einhverju tagi. Kennsla nemendahópsins var því töluverð áskorun fyrir nýjan kennarahóp sem var á sama tíma að fóta sig í nýrri útfærslu á kennsluháttum. Þegar önnin er skoðuð í heildina er óhætt að fullyrða að vel tókst til, sérstaklega þegar tekið er mið af nemendahópnum og því að verið var að prófa nýjar aðferðir í fyrsta sinn. Kennsluhættir skólans virðast henta vel breiðum hópi nemenda, en til viðbótar var ákveðið að veita þeim nemendum sem verst eru staddir sérstakan stuðning þar sem þeir eru aðstoðaðir við verkefnavinnu og skipulag.

Brottfall var mikið á önninni eða um 25% miðað við brottfall innan annar (mismunur skráðra eininga og eininga „í próf“). Skýringa á þessu mikla brottfalli er að leita í samsetningu nemendahópsins og einnig því að margir brottfallsnemendanna sóttu ekki sjálfviljugir um skólann og urðu varla virkir nemendur.

Á haustönninni voru 14 nemendur í dreifnámi, 4 þeirra voru í bóklegum áföngum en 10 manna hópur tók þátt í samstarfsverkefni skólans og Reykjalundar. Tildrögin að verkefninu eru að á Reykjalundi er í undirbúningi að koma af stað göngudeildum. Í stað þess að sjúklingar dveljist á Reykjalundi á meðan á meðferð stendur, eru áætlanir um að skipuleggja göngudeildir þar sem sjúklingar koma á Reykjalund 2-3 sinnum á meðan á meðferð stendur (u.þ.b. 12 vikur), en eru að öðru leyti heima. Hlutverk skólans í verkefninu er að leggja til kennslukerfi og aðstoð við starfsmenn Reykjalundar við að skipuleggja kennslu og samskipti við sjúklinga. Einnig mun skólinn sjá um að kenna þátttakendum á kennslukerfið. Á haustönn 2009 var farið af stað með einn 10 manna hóp, sem fór í gegnum ferli og meðferð sem kallast verkjaskólinn. Þátttakendur eru skráðir sem nemendur skólans og tekið mið af því að hægt sé að meta einingar áfangans sem valeiningar á framhaldsskólastigi. Mikill áhugi er á því hjá báðum aðilum að halda áfram með þetta verkefni. Engar fjárveitingar voru til verkefnisins á árinu 2009, en þrátt fyrir það var ákveðið að koma verkefninu af stað með einn lítinn hóp. Mikilvægt er að verkefnið fái lágmarksfjárframlög á næstu árum til þess að mögulegt verði að halda því áfram.

Nám

Ákveðið var að bjóða upp á 5 námsbrautir í FMOS; almenna braut, listabraut, íþrótt- og lýðheilsabraut, félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Námsframboðið er í samræmi við áherslur skóla og ráðuneytis og er nokkuð fjölbreytt, en áhugi er á því innan skólans að þróa nám sem leggur minni áherslu á bóknám en meiri á verklega þætti og handverk.

Kennsla

Kennsluhættir skólans eru í aðalatriðum þannig að notaðar eru verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna og að leiðsagnarmatið leiði nemendur áfram og hjálpi þeim að bæta árangur sinn. Skipulag kennslunnar og kennsluhættir reyndust í öllum meginatriðum vel. Nánari útfærsla og minni breytingar voru ræddar á vikulegum fundum starfsmanna og ákvarðanir teknar jafnóðum um breytingar. Kennarar skólans eru vel menntaðir kraftmiklir og mikil orka felst í þeim áhuga og frumkvöðlaanda sem ríkir í skólanum.

Stjórnun

Í stjórnun skólans er lögð áhersla á að stefnu skólans sé fylgt og að starfið sé vel skipulagt. Einnig er áhersla á að beita lýðræðislegum starfsaðferðum við stjórnun þar sem haft er að leiðarljósi að finna jafnvægi milli jafningjasamstarfs og leiðbeinandi leiðtogahlutverks. Uppbygging gæðakerfis skólans miðar að því að það sé altækt og umbótamiðað. Í áætlun um innra mat er gerð grein fyrir þeim þáttum sem hafa verið og verða metnir, sjá vef skólans, www.fmos.is.

Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Stefnt er að því að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á fjárlögum. Nýting starfskrafta var góð á haustönninni miðað við stærð skólans og var meðalhópastærð um 20 nemendur og fermetrar á nemanda eru rúmlega 6.

Samstarf við aðra. Skólinn hefur lagt drög að samstarfi við ýmsa aðila í Mosfellsbæ, s.s. grunnskóla bæjarins, íþróttafélagið, tónlistarskólann, myndlistarskólann og leikfélagið. Á næstu misserum verður þetta samstarf þróað áfram. Hugmyndir um samstarf við aðra framhaldsskóla hafa verið ræddar innan skólans og áhugi er fyrir því að koma á samstarfi í þeim tilgangi að auðvelda framboð á efstu áföngum, sem gjarnan eru fámennir.